



Greiningar- og  
ráðgjafarstöð ríkisins



# Hvað er Fjölskyldumiðuð þjónusta?

Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins  
15. og 16. maí 2014


Guðrún Þorsteinsdóttir, félagsráðgjafi MA

# Efnisyfirlit

- Forsagan
- Hugmyndafræðin
- Fjölskyldan
- Grunnhugtök
- Innleiðing
- Leiðarljós
- Að lokum




# Forsagan



5041  
Gr. 146 cm  
11 Jahre  
Schnitt 14  
Beiten D

5042  
Gr. 152 cm  
12 Jahre  
Schnitt 14  
Rosen D



# Forsagan

- Réttindabarátta fatlaðs fólks
- Ný hugmyndafræði að ryðja sér til rúms
  - Normalisering / Eðlilegt líf
- Frá stofnanavæðingu og aðgreiningu til þátttöku og þjónustu
- Aukin vitund og réttindabarátta foreldra fyrir bættri þjónustu við börnin
- Foreldra- og hagsmunasamtök



# Forsagan

- Aukin þjónusta við börn með þroskafrávik
- Þarfir þeirra viðurkenndar í lögum og reglugerðum
- Áður meiri áhersla á barnið – læknisfræðileg nálgun
- Lítil áhersla á foreldra eða fjölskylduna



# Hugmyndafræðin

- Fjölskyldumiðuð þjónusta (FMP) samanstendur af ákveðnum
  - Gildum
  - Viðhorfum
  - Framkvæmd þjónustu
- Markmiðið að þjóna börnum með sérþarfir og fjölskyldum þeirra - auka lífsgæði og þátttöku



# Hugmyndafræðin

- Fjölskyldan er þungamiðja þjónustunnar
- Fjölskyldan þekkir barnið og þarfir þess best
- Fjölskyldan er alltaf til staðar í lífi barnsins
- Allar fjölskyldur eru einstakar og ólíkar
- Litið er á styrk og þarfir allra fjölskyldumeðlima



# Hugmyndafræðin

- Fjölskyldan og fagfólk starfa saman á jafnréttisgrundvelli
- Teknar eru sameiginlegar ákvarðanir um þjónustu og stuðning sem barn og fjölskylda fá
- Áhersla á að styðja fjölskylduna til að taka ákvarðanir um þjónustu
  - Upplýsingastreymi í báðar áttir mikilvægt





# Fjölskyldan

- Hver fjölskylda með ólíkar þarfir
- Þarfirnar breytast með tímanum og með breyttum aðstæðum
- Þjónustan löguð að þörfum fjölskyldunnar hverju sinni
- Hér gildir ekki „One size fits all“



# Grunnhugtök í fjölskyldumiðaðri þjónustu



# Grunnhugtök

## Virðing og reisn

- Fagmenn hlusta á fjölskylduna og virða skoðanir hennar og val. Tekið er tillit til gilda, sjónarmiða, reynslu og menningarlegs bakgrunns fjölskyldunnar við skipulag á þjónustu

## Þátttaka

- Fjölskyldan hvött og studd til að taka þátt í íhlutun og ákvarðanatöku **að því marki sem hún óskar**



# Grunnhugtök

## Upplýsingar

- Fagfólk veitir fjölskyldunni upplýsingar um þjónustu og úrræði á þann hátt sem gagnast henni og gerir henni kleift að taka ákvarðanir
  - Upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði
  - Upplýsingar um þjónustuna sem verið er að veita

## Samvinna

- Fjölskyldan og fagfólk vinna saman við að þróa og innleiða þjónustu og foreldrar eru þátttakendur í stefnumótun og fræðslu



# Innleiðing

- Ferli sem tekur tíma
- Kallar á samvinnu og þátttöku allra starfsmanna
- Fræðsla fyrir starfsfólk mikilvæg
- Hugmyndafræðin þarf að vera skýr og sýnileg
- Mikilvægt að bera kennsl á það sem nú þegar er fjölskyldumiðað og hvað má bæta
- Markviss vinna
- Dæmi: Innleiðingin hjá ÆSLF



# Leiðarljós

- Auðveldara um að tala en í að komast?
- Víða til efni og leiðbeiningar
  - Um hugmyndafræðina og innihald
  - Um hindranir
  - Um innleiðingu
- CanChild – efni skipt í 18 kafla, þar sem FMP er lýst og hvernig á að vinna samkvæmt henni
- Þar á meðal 10 punktar eða leiðarvísar:
  - 10 Things You Can Do to Be Family Centred



# Leiðarljós – punktarnir 10

- 1. Tími og staðsetning** – bjóða fjölskyldunni að velja stað og stund fyrir fundi, hvað hentar henni best?
- 2. Styrkleikar barns og fjölskyldu** – leggja áherslu á þessa þætti, bæði í samtölum og skriflega
- 3. Setja markmið** – í samvinnu við barn, fjölskyldu og aðra (stórfjölskyldu, þjónustuaðila)
- 4. Foreldrar þekki úrræði og hafi val** – kynna fyrir þeim valmöguleika
- 5. Veita upplýsingar** – á ýmiss konar hátt, til dæmis í bæklingum, bókum, á myndböndum, vefsíðum o.s.frv.



# Leiðarljós – punktarnir 10

- 6. Þekkja væntingar fjölskyldunnar** – spyrja hvers hún væntir og óskar af þjónustunni
- 7. Gefa fjölskyldunni nægan tíma** – í samtölum og á fundum, ekki reka á eftir
- 8. Hlusta á fjölskylduna** – viðurkenna og virða framlag hennar
- 9. Efla tengsl milli fjölskyldna** – aðstoða þær við að tengjast öðrum í svipaðri stöðu
- 10. Nýta styrkleika stórfjölskyldunnar** – skilgreina hvað hver og einn getur lagt af mörkum og setja inn í markmiðin/áætlun





# Að lokum

- Margir fletir
- Viðhorf, gildi og nálgun í þjónustu
- Hvað er fjölskyldumiðuð þjónusta?
- Hvað er ekki fjölskyldumiðuð þjónusta?



Takk fyrir góða áheyrn

# Heimildir

- Andrea Katrín Guðmundsdóttir og Evald Sæmundsen (2014). Þróun vistunarúrræða og skólaþjónustu. Í: Sigríður Lóa Jónsdóttir og Evald Sæmundsen (ritstj.), *Litróf einhverfunnar* (bls. 57-64). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Bamm, E.L. & Rosenbaum, P. (2008). Family-centered theory: Origins, development, barriers and supports to implementation in rehabilitation medicine. *Archives of Physical and Medical Rehabilitation*, 89, 1618-1624.
- Dempsey, I. & Keen, D. (2008). A review of processes and outcomes in family-centered services for children with a disability. *Topics in Early Childhood Special Education*, 28, 42-52.
- Margrét Margeirsdóttir, 2001. *Fötlun og samfélag*. Reykjavík, Háskólaútgáfan
- Sara Stefánsdóttir og Snæfríður Þóra Egilson, 2010. Fjölskyldumiðuð þjónusta í endurhæfingu barna. Mat foreldra. *Þjóðarspejillinn* (bls. 252-266). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
- [http://www.canchild.ca/en/childrenfamilies/about\\_fcs.asp](http://www.canchild.ca/en/childrenfamilies/about_fcs.asp)
- [http://www.canchild.ca/en/childrenfamilies/fcs\\_sheet.asp](http://www.canchild.ca/en/childrenfamilies/fcs_sheet.asp)
- <http://www.ipfcc.org/faq.html>

